

15. gr.

178

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happ-
drættisins. 9. nóv.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, öðlast þegar
gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 1 9. jan. 1957, um vöruhappdrætti
Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Fjármálaráðuneytið, 9. nóvember 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Margrétar 179
Þorlákssdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. 12. nóv.
nóvember 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Margrétar Þorlákssdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Jóhönnu Margrétar Þorlákssdóttur og er hann
stofnaður af Guðmundi Jónssyni, trésmið, síðast að Hallveigarstíg 8 í Reykjavík, með
arfleiðsluskrá hans, dags. 28. febrúar 1955, til minningar um konu hans, Jóhönnu
Margrétu Þorlákssdóttur, Hallveigarstíg 8 í Reykjavík, sem andaðist 12. apríl 1944.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er samkvæmt úthlutan í dánarbúi gefandans, framkvæmdri af
skiptarétti Reykjavíkur 1. maí 1957, kr. 45 259.58 — fjörutíu og fimm þúsund tvö
hundruð fimmtíu og níu krónur og 58 aurar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá að styrkja eftir nánari ákvarðan sjóðstjórnarinnar
þá menn, er þjást af augnsjúkdómum, sumpart á þann hátt að veita þeim styrk
til að leita sér lækninga við téðum sjúkdómum og sumpart með beinum eða óbein-
um fjárhagslegum stuðningi til framfærslu þeirra eða annarra nauðsynja.

4. gr.

Sjóðurinn er eign Blindravinafélags Íslands og fer stjórn þess félags með
stjórn sjóðsins, enda er formaður Blindravinafélags Íslands formaður sjóðsins.
Verði Blindravinafélag Íslands lagt niður, skulu sitja í stjórn sjóðsins: Landlæknir,
sem þá verður formaður sjóðstjórnar, borgarlæknirinn í Reykjavík og augnlæknir
sá, er á hverjum tíma kennir augnlækningar í læknaeild Háskóla Íslands.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður eftir því sem stjórn hans telur tryggilegast, enda
skulu reikningar sjóðsins gerðir upp árlega og endurskoðaðir af endurskoðendum
Blindravinafélags Íslands, en síðan lagðir fyrir aðalfund þess félags til samþykktar.
Skal reikningsár sjóðsins vera hið sama sem reikningsár félagsins. Reikningar
sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda.